



Borgarráð

***Tillaga um vinnuhóp borgarráðs vegna styrkúthlutunar borgarráðs 2021***

Reykjavíkurborg auglýsti eftir umsóknum um styrki úr borgarsjóði vegna starfsemi á árinu 2021. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda vegna starfsemi á árinu 2021. Umsóknartímabil var frá 15. september til 15. október 2020 og bárust borgarráði 37 styrkumsóknir að þessu sinni sem eru nú í umsagnarferli.

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, formanni borgarráðs og Eyþóri Laxdal Arnalds, borgarráðsfulltrúa að yfirfara fyrirbyggjandi styrkumsóknir auk umsagna og gera í framhaldinu tillögu til borgarráðs um árlega úthlutun. Með þeim starfar Bjarni Þóroddsson, verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjórnar.

Vinnuhópurinn skal leggja tillögu sína fyrir borgarráð eins skjótt og unnt er og í síðasta lagi 4. mars nk.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
formaður borgarráðs